

Viðauki við samkomulag vegna móttöku á úrgangi frá Sorpstöð Suðurlands


Nokkur sveitarfélög á Suðurlandi (Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hveragerðisbær og Flóahreppur) hafa kosið að fara aðra leið í sorpförgunarmálum en Sorpstöð Suðurlands bs. (SOS) hafði áætlað og gert samning um við SORPU bs og ljóst er að sá úrgangur sem SORPA gerði ráð fyrir að kæmi frá þessum sveitarfélögum mun ekki skila sér. Að beiðni SOS gera því SORPA bs og SOS. með sér þennan viðauka við samkomulag aðila frá 22. maí 2009 og viðskiptasamning frá 25. nóvember 2009.

- A. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr samningsins, lið b mun SORPA bs taka við úrgangi frá ofangreindum sveitarfélögum til urðunar.
- B. Augljóslega hefur þetta minna magn áhrif á væntingar SORPU skv. samkomulaginu. Þessar minni væntingar bætir SOS, SORPU upp á tvennan hátt:
 - a. Úrgangur til urðunar frá ofangreindum sveitarfélögum nýtur ekki annarra afslátta en tímastýrðra afslátta sem skilgreindir eru í viðskiptasamningi
 - b. Sorpstöð Suðurlands greiðir SORPU bs. 321 kr. fyrir hvern íbúa í ofangreindum sveitarfélögum á ári.

Samkomulag þetta hefur sama gildistíma og ofannefndir samningar milli aðila og gilda um hann sömu kvaðir.


Reykjavík 25.11.2009

f.h SORPU bs.



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

f.h. Sorpstöðvar Suðurlands bs.



Guðmundur Tryggvi Ólafsson
framkvæmdastjóri